

RE: Áskorun til stjórnar Samkaupa hf.

Til : Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>
Frá : Gunnar Egill Sigurðsson <gunnar@samkaup.is>
Heiti : RE: Áskorun til stjórnar Samkaupa hf.
Málsnúmer : 2309007
Málsaðili : Dalabyggð
Skráð dags : 25.09.2023 18:06:20
Höfundur : Gunnar Egill Sigurðsson <gunnar@samkaup.is>
Viðhengi [image555050.jpg](#)
[image001.jpg](#)

Góðan dag,

Stjórn og forstjóri Samkaupa hafa farið yfir áskorun sem okkur hefur borist frá sveitarstjórn Dalabyggðar.

Samkaup rak Kjörbúð í Búðardal frá 2017 til 2020 og reyndist sú verslun ávallt vera rekin með tapi. Þegar umferð og fjöldi ferðamanna minnkaði til muna í tengslum við Covid-19 jókst tapið enn frekar. Það var því ljóst, miðað við stærð markaðarins, að því miður þá er ekki rekstrargrundvöllur fyrir Kjörbúð í Búðardal. Til að koma á mótis við viðskiptavinum okkar tók Samkaup því þá ákvörðun að breyta rekstrarformi verslunarinnar úr Kjörbúð í Krambúð fremur en að hætta alfarið með verslun á svæðinu.

Í ljósi ofangreindra ástæðna þá sjáum við okkur því miður ekki fært að breyta rekstrarformi verslunar okkar í Búðardal.

Þess ber að geta að í apríl hóf Samkaup að bjóða uppá sértækar verðlækkanir fyrir íbúa Dalabyggðar með því markmiði að hvetja íbúa til að versla í heimabyggð. Undirtektir hafa verið jákvæðar og til að koma frekar á mótis við íbúa Dalabyggðar skoða stjórnendur Samkaupa nú frekari aðgerðir í þessa veru, þar sem íbúar sem versla í heimabyggð fá betri kjör en ella með notkun á Samkaupa appinu. Forstjóri og stjórn eru reiðubúin að hitta sveitarstjórn á fundi, hvort sem er í Búðardal eða í höfuðstöðvum Samkaupa til að ræða þessi mál frekar.

Með kveðju | Best regards

Gunnar Egill Sigurðsson

Forstjóri | CEO

Samkaup

Tel: +354 4215400

gunnar@samkaup.is

samkaup

Skilmálar | Disclaimer

From: Sveitarstjóri Dalabyggð

Sent: föstudagur, 15. september 2023 08:25

To: Samkaup - Tölvupóstur

Cc: Gunnar Egill Sigurðsson ; margret@kb.is; Skúli Hreinn Guðbjörnsson ; Garðar Freyr Vilhjálmsson
Subject: Áskorun til stjórnar Samkaupa hf.

Góðan dag,

Í viðhengi er erindi sem undirritaður, f.h. sveitarstjórnar Dalabyggðar, óskar eftir að berist til stjórnar Samkaupa hf. og forstjóra fyrirtækisins.

Um er að ræða áskorun frá sveitarstjórn Dalabyggðar varðandi dagvöruverslun í sveitarfélaginu en tillaga um málið var borin upp á fund sveitarstjórnar Dalabyggðar í gær, 14. september 2023, og samþykkt samhljóða, sjá hér slóð á fundargerð viðkomandi fundar: <https://dalir.is/stjornsysla/nefndir-stjornir-ofl/fundargerd/fundur/?id=7FXvtHpuUkaoHuaXs9AR6w1&text=>

Það er ósk mín og okkar í Dalabyggð að erindið verði tekið fyrir á stjórnarfundum Samkaupa hf. og að við fáum að fylgjast með afdrifum þess, takk.

Undirritaður er tilbúinn til samtals um málið ef þörf er á.

Virðingarfyllst

Björn Bjarki Þorsteinsson

Sveitarstjóri Dalabyggðar

s: 4304700 eða 6608245

Netfang / email: sveitarstjori@dalir.is

www.dalir.is



Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stflaður á.

Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake
